



# Fundargerð 264.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 22. september 2021 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á Grenivík.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir, Pröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Guðmundur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Fjárhagsáætlun HN 2022, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2022 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 666 mkr., og rekstrargjöld verði 499,6 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 50 mkr. Þess ber að geta að í áætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að um 60% þeirra skemmtiferðaskipa sem þegar hafa bókað sig komi á árinu 2022. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

### 2. Framkvæmdaráætlun 2022, síðari umræða.

Framkvæmdaráætlun 2022 tekin til síðari umræðu. Lagt er til að heildar framkvæmdarkostnaður verði 567,5 mkr þar af hlutur HN 241 mkr. Helstu verkefni eru endurgerð Torfunefsbyggju, kaup á stálþili og niðurrekstur. Jafnframt er stefnt að lagfæringu á ferjubryggju í Hrísey og Grímsey auk dýpkunar í Grímsey. Stjórn HN samþykkir samhljóða framkvæmdaráætlun fyrir árið 2022.

### 3. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Torfunefsbyggju.

### 4. Vitinn þjónustuhús.

Hafnarstjóri ásamt lögfræðingi hafnarinnar hafa unnið að samkomulagi við Drífu ehf um uppgjör á gjaldfallinni skuld. Stjórn HN felur hafnarstjóra að staðfesta samkomulagið með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.



## Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 18:00

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

---

Pröstur Friðfinnsson

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Guðmundur Jónsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---